



Bæjarstjórn Garðabæjar 1. (860)/2020

Boðað er til 1. (860). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. janúar 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2001001F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/1 '20.
1912277 - Afgreiðsla skipulagsstjóra varðandi fyrirspurn um heimild fyrir atvinnustarfsemi í íbúðarhúsi.
2. 2001013F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/1 '20.
3. 1912026F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 18/12 '19.
4. 1912035F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 20/12 '19.
5. 1912028F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 16/12 '19.
6. 1912012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 18/12 '19.
7. 2001007F - Fundargerð öldungaráðs frá 8/1 '20.
8. 1908019F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 27/8 '19.
9. 1904035 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 29/11 '19.
10. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 6/1 '20.
11. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13/12 '19.
12. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 16/12 '19.
13. 2001164 - Viðauki við samkomulag um endurnýjun á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
19. (859). fundur 2019

Fimmtudaginn 19. desember 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 5. desember 2019 er lögð fram.

Almar Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs og ræddi bókanir varðandi fjárhagsáætlun.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér einnig hljóðs og ræddi bókanir varðandi fjárhagsáætlun.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1912013F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/12 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 11. tl., bréf Lögmanna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 11. tl., bréf Lögmanna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar.

Gunnar Einarsson, ræddi 11. tl., bréf Lögmanna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 11. tl., bréf Lögmanna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar. Þá ræddi Ingvar 13. tl., tillögu um að bjóða út endurskoðun og gerð ársreiknings hjá Garðabæ.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 11. tl., bréf Lögmanna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi að nýju 11. tl., bréf Lögmanna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar.

Almar Guðmundsson, ræddi 8. tl. dóm Landsréttar í máli Garðabæjar gegn íslenska ríkinu um starfsemi Ísafoldar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 8. tl., dóm Landsréttar í máli Garðabæjar gegn íslenska ríkinu um starfsemi Ísafoldar og 13. tl., tillögu um að bjóða út endurskoðun og gerð ársreiknings hjá Garðabæ.

Ingvar Arnarson, ræddi 10. tl., bréf Löggarðs varðandi losun jarðefna ofl. í landi Dysja og 13. tl., tillögu um að bjóða út endurskoðun og gerð ársreiknings hjá Garðabæ.

Gunnar Einarsson, ræddi 10. tl., bréf Löggarðs varðandi losun jarðefna ofl. í landi Dysja og upplýsti að lögmanni bæjarins hafi verið falið að ræða við bréfitara.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tilboð um kaup á tveimur landspildum jarðarinnar Búðarflatar á Álftanesi á kr. 5.017.000.

Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti endurnýjun þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna til þriggja ára.

Fundargerðin sem er 14 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1912025F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/12 '19.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 12. tl., svar við fyrirspurn um málefni Tónlistarskóla Garðabæjar og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Það er ágætur vitnisburður um menningarlífið í Garðabæ sá mikli áhugi sem hefur verið að undanfögnu á tónlistarviðburðum sem haldnir hafa verið á vegum bæjarins. Börn og ungmenni sjá uppalda Garðabæinga stíga á svið og leika tónlist á heimsmælikvarða. Í ljósi menningarlegra áherslna sveitarfélagsins þá finnst mér mikilvægt að horfa til biðlista og leita úrræða sem koma til móts við þann vanda sem Tónlistarskóli Garðabæjar þarf að takast á við.“

Sigurður Guðmundsson, ræddi 7. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna skjólveggja og 8. tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 10 og nr. 11 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki nr. 10.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir að mæta launahækkunum vegna kjarasamninga með varasjóði. Í tengslum við gerð væntanlegra kjarasamninga við opinbera starfsmenn hefur nú verið gengið frá samkomulagi um eingreiðslur sem eiga að mæta þeim töfum sem orðið hafa á kjarasamningsgerð.

Eingreiðslur - hækkun hjá stofnunum Garðabæjar	83.351.000	ýmsir lyklar
Hjalli grunnskóli	1.719.000	04263-4364
Alþjóðaskólinn	1.824.000	04264-4364
Leikskóladeild Hjalla	630.000	04163-4364
Leikskólinn Ásar	3.019.000	04161-4364
Leikskólinn Hnoðraholt	3.268.000	04168-4364
Litlu Ásar	2.047.000	04165-4364
Leikskólinn Sjáland	4.094.000	04116-4364
Samtals	99.952.000	

Samþykkt bæjarráðs á töxtum vegna NPA samninga		
NPA samningar - taxtahækkanir	4.600.000	02530-4993

Vegna fjölgunar nemenda var bætt við starfsmönnum á eftirfarandi stofnunum umfram það sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir til að mæta fjölgun nemenda

Sjálandsskóli	17.000.000	04214-
Urriðaholtsskóli grunnskóladeild	10.000.000	04216-
Urriðaholtsskóli leikskóladeild	14.000.000	04121-
Samtals	41.000.000	

Alls aukin launaútgjöld	145.552.000	
-------------------------	-------------	--

Kostnaðarauka mætt með lækkun á varasjóði	145.552.000	31916-7179
---	-------------	------------

Viðauki 11.

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs frá 10. desember sl. þarf að gera viðauka vegna landakaupa.

Kaup á landspildum Búðarflatar	5.017.000	eignfært
Kostnaðarauka mætt með lækkun á varasjóði	-3.203.500	31916-7179
Kostnaðarauka mætt með hækkun á lóðarleigu	-1.813.500	00350-0310

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts, 1., 2. og 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts og 1. áfanga austurhluta Urriðaholts, er varðar skjólveggi, stoðveggi, girðingar og dvalarsvæði á lóðum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samhliða samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. sömu laga breytingu á deiliskipulagi Viðskiptastrætis þar sem gert er ráð fyrir að skipulag verði felld úr gildi og breytingu á 3. áfanga norðurhluta og austurhluta Urriðaholts vegna nýrrar afmörkunar deiliskipulagssvæða.

Fundargerðin sem er 19 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1912007F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 6/12 '19.

Fundargerðin lögð fram.

4. 1912016F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 12/12 '19.

Fundargerðin lögð fram.

5. 1912002F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 5/12 '19.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., starfsáætlanir grunnskóla, 2. tl., endurskoðun skólafestu Garðabæjar, 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018, 4. tl., störf kennsluráðgjafa í upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar, og 5. tl., frístundaþjónusta við nemendur í 5. 10. bekk.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., störf kennsluráðgjafa í upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Tæknilæsi barna og ungmenna er mikilvæg undirstaða fyrir alla stafræna þróun til framtíðar. Því skiptir máli að hlúa enn betur að því starfi sem verið er að byggja upp í upplýsingatækni þvert á grunnskóla Garðabæjar, til þess að faglegar og metnaðarfullar kennsluáætlanir nái fram að ganga og tryggja þannig mikilvæga grunnfærni í tæknilæsi. En ekki síður með endurmenntun kennara á sviði upplýsingatækni.“

Þá ræddi Sara Dögg 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., starfsáætlanir grunnskóla.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018..

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018.

Björg Fengler, ræddi 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 3. tl., niðurstöður PISA könnunar 2018.

Fundargerðin lögð fram.

6. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 2/12 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., sóknaráætlun 2020-2024 og 4. tl., ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Björg Fengler ræddi 4. tl., ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., sóknaráætlun 2020-2024.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., yfirfærslu á vegum til sveitarfélaga samkvæmt vegalögum.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., yfirfærslu á vegum til sveitarfélaga samkvæmt vegalögum. Gunnar upplýsti að Alþingi hefur samþykkt breytingar á ákvæðum vegalaga þar sem gert er ráð fyrir að fresta yfirfærslu vega til sveitarfélaga um eitt ár eða til ársloka 2020.

Fundargerðin lögð fram.

7. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 6/12 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., niðurstöður níu mánaða uppgjörs.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., niðurstöður níu mánaða uppgjörs, 5. tl., framvinduskýrslu vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar og 7. tl., úthlutun styrkja úr Góða hirðinum.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., svarbréf Garðabæjar vegna erindis um lóð fyrir endurvinnslustöð.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 4. tl., svarbréf Garðabæjar vegna erindis um lóð fyrir endurvinnslustöð.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., svarbréf Garðabæjar vegna erindis um lóð fyrir endurvinnslustöð.

Fundargerðin lögð fram.

8. 1810071 - Aðgerðaráætlun gegn hávaða 2018-2023.

Bæjarstjórn samþykkir aðgerðaráætlun Garðabæjar gegn hávaða 2018-2023. Aðgerðaráætlunin skal send Umhverfisstofnun samkvæmt reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir.

9. 1904109 - Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum.

Bæjarstjórn samþykkir nýjar reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum.

10. 1904109 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2020.

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 575.000.000. Um er að ræða verðtryggt lán með 1,74% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 15 ára og án heimildar til uppgreiðslu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 575.000.000 með lokagjaldsdaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggur fyrir á fundinum og sem bæjarstjórn hefur kynnt sér. Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar) standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu grunnskóla í Urriðaholti, viðbyggingu við grunnskóla á Álftanesi og byggingu fjölnota íþróttahúss sem fela í sér að vera verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.“

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku samkvæmt heimild í samþykkttri fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Í lok fundar óskaði forseti bæjarfulltrúum og starfsmönnum bæjarins gleðilegra jóla og þakkaði þeim samstarfið á árinu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 19. desember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar

1. (1910). fundur 2020

Þriðjudaginn 7. janúar 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1908479 - Hraungata 32 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita OFG - Verk ehf., kt. 491101-2530, leyfi til að byggja parhús að Hraungötu 32.

2. 1910224 - Hraungata 34 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita OFG - Verk ehf., kt. 491101-2530, leyfi til að byggja parhús að Hraungötu 34.

3. 1912246 - Sjávargata 3 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Báru Sigurjónsdóttur, kt. 031256-2249, leyfi til setja hurð í stað glugga á núverandi hús að Sjávargötu 3.

4. 1905356 - Súlunes 5 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Magnúsi Konráðssyni, kt. 240575-5589, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Súlunesi 5.

5. 1911412 - Rjúpnahæð 13 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Orra Sigurðssyni, kt. 030379-4709, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Rjúpnahæð 13.

6. 1910342 - Víkurgata 15 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita V15 ehf., kt. 630519-0200, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Víkurgötu 15.

7. 1912277 - Afgreiðsla skipulagsstjóra varðandi fyrirspurn um heimild fyrir atvinnustarfsemi í íbúðarhúsi.

Bæjarráð telur að starfsemi fótaaðgerðarstofu í íbúðarhverfi sé þess eðlis að hún valdi almennt ekki óþægindum vegna bílaumferðar, hávaða eða öðru ónæði.

Bæjarráð vísar í þessu sambandi til skilmála deiliskipulags og gr. 5.3.2.8. í skipulagsreglugerð þar sem fram kemur heimild fyrir smáatvinnustarfsemi í íbúðarbyggð enda sé þess gætt að hún valdi sem minnstum óþægindum.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að gera ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

8. **1912056 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Kópavogs og breytingu á deiliskipulagi Fannborgarreits og Traðarreits.**
Lögð fram.
9. **1912287 - Tilkynning frá Kópavogi um kynningu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs varðandi Traðarreit, dags. 19.12.19.**
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
10. **1808350 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um lokaafgreiðslu á breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðis 2040 varðandi vaxtarmörk á Álfsnesi, dags. 30.12.19.**
Bæjarráð vísar samþykkt svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins um breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2014 til umfjöllunar skipulagsnefndar.
11. **1910423 - Tilkynning frá Sveitarfélaginu Ölfusi varðandi tillögu að aðal- og deiliskipulagsbreytingu fyrir skíðasvæði Bláfjalla í Ölfusi, dags. 20.12.19.**
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
12. **1904109 - Tillaga um viðmiðunarfjárhæðir vegna niðurfellingar eða lækkun fasteignaskatts og holræsagjalds elli- og örorkulífeyrisþega.**
Eftirfarandi tillaga samþykkt.
- „Einstaklingar með tekjur árið 2018 allt að kr. 5.400.000 greiða ekki fasteignaskatt og holræsagjald. Afsláttur lækkar um 1% við hækkun tekna um kr. 5.000 og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 5.900.000.
- Hjón með tekjur árið 2018 allt að kr. 6.890.000 greiða ekki fasteignaskatt og holræsagjald. Afsláttur lækkar um 1% við hækkun tekna um 13.000 og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 8.190.000.
13. **1912272 - Áskorun Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla varðandi bættar starfsaðstæður og bætt starfskjör leikskólakennara, dags. 12.12.19.**
Bæjarráð vísar áskoruninni til umfjöllunar í leikskólanefnd og skólanefnd grunnskóla.
14. **1912280 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi áhrif laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, dags. 18.12.19.**
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar í leikskólanefnd og skólanefnd grunnskóla.
15. **2001008 - Bréf Bjarkarhlíðar - miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, um styrk fyrir árið 2020, dags. 20.12.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2020 sem fram fer í mars/apríl.
16. **2001026 - Bréf Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins um styrk, dags. 18.12.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2020 sem fram fer í mars/apríl.

17. **1912314 - Tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi kynningu á drögum að frumvarpi að breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, dags. 20.12.19.**
Lögð fram og vísað til kynningar í umhverfisnefnd.
18. **1912323 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi tillögu að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ á grundvelli náttúruverndarlaga, dags. 19.12.19.**
Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar varðandi auglýsingu sem birt hefur verið um tillögu að friðlýsingaskilmálum fyrir Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ ásamt tillögu að mörkum svæðissins. Í auglýsingunni kemur fram að frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til 23. mars 2020.
19. **1912263 - Tilkynning um boðun jafnréttisþings 20. febrúar 2020.**
Lögð fram.
20. **1703076 - Tillögur um útfærslu verkefnis er varðar Heilsueflandi Garðabæ.**
Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði nánari grein fyrir málinu og upplýsti að íþrótt- og tómstundaráð hafi tekið jákvætt í málið á fundi sínu 2. janúar sl.

Bæjarráð samþykkir að gerður verði samningur við Capacent á grundvelli fyrirbyggjandi tillögu um kortlagningu á stöðu áhrifaþátta varðandi verkefnið Heilsueflandi Garðabæ sem er hluti af Heimsmarkmiðunum.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögunni til kynningar í viðeigendum nefndum.
21. **1912278 - Bréf Lionsklúbbs Álftaness varðandi leyfi til að halda þorablót í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi, dags. 18.12.19.**
Í bréfinu er farið fram á leyfi til að halda þorablót Kvenfélags og Lionsklúbbs Álftaness í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi laugardaginn 1. febrúar nk. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.
22. **1912151 - Bréf heilbrigðiseftirlits (afrit) varðandi viðbragðsáætlun um loftgæði, dags. 11.12.19.**
Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlitsins til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er varðar gerð viðbragðsáætlunar til að draga úr loftmengun.
23. **1912290 - Tilkynning frá Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi o.fl. varðandi samvinnu um framleiðslu fjölmiðlaefnis um loftslagsmál, dags. 18.12.19.**
Bæjarráð vísar málinu á þessu stigi til nánari skoðunar bæjarstjóra í tengslum við vinnu við gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið.
24. **1804190 - Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar varðandi kæru á álagningu fasteignaskatts vegna fasteignar að Iðnbúð 5, dags. 14.11.19.**
Lagður fram.
25. **1912322 - Bréf yfirfasteignamatsnefndar varðandi kæru á álagningu fasteignaskatts vegna fasteignar að Iðnbúð 5, dags. 19.12.19.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

26. 1912183 - Bréf Íslensku lögfræðistofunnar f.h. umbj. varðandi kröfu um skaðabætur vegna tafa á byggingarframkvæmdum á lóðinni við Brúnás 12, dags. 06.12.19.
Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjóra.
27. 1912232 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um kæru H.J. á útgáfu byggingarleyfis fyrir byggingu einbýlishúss á lóðinni við Brúnás 12, dags. 17.12.19.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
28. 1912304 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um kæru Dalsness varðandi skipulag lóðarinnar við Hrauntungu, dags. 23.12.19.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
29. 1912335 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um kæru E.S.Þ. á synjun umsóknar um breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 14, dags. 30.12.19.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
30. 1811206 - Stefna ÁÞ á hendur Garðabæ um greiðslu skaðabóta vegna galla á fasteign að Rjúpnahæð 14, dags. 17.12.19.
Lögð fram.

Andri Árnason, lögmaður mun gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
31. 1808087 - Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri - staða framkvæmda.
Bæjarstjóri upplýsti um stöðu mála vegna framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 7. janúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
2. (1911). fundur 2020

Þriðjudaginn 14. janúar 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1805129 - Þjónustulýsing vegna útboðs akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Á fund bæjarráðs mætti Björg Fenger, bæjarfulltrúi og kynnti nánar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks og þjónustulýsingu vegna útboðs. Um er að ræða sameiginlegt útboð Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar á akstursþjónustu fyrir íbúa sveitarfélaganna sem uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og að þeir eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.

Bæjarráð vísar málinu til kynningar í fjölskylduráði og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.

2. 1911407 - Dýjagata 8 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Stefáni Pálmasynti, kt. 221181-3609, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Dýjagötu 8.

3. 1910065 - Hraungata 28 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sævari Óla Ólafssynti, kt. 230267-3089, leyfi fyrir byggingu parhúss að Hraungötu 28.

4. 1910064 - Hraungata 30 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ragnari Smára Ragnarssynti, kt. 260385-3139, leyfi fyrir byggingu parhúss að Hraungötu 30.

5. 1805133 - Sjónarvegur 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita H.S.H. byggingameisturum ehf., kt. 681096-2059, leyfi til breytinga á parhúsi í byggingu að Sjónarvegi 2.

6. 1805132 - Sjónarvegur 4 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita H.S.H. byggingameisturum ehf., kt. 681096-2059, leyfi til breytinga á parhúsi í byggingu að Sjónarvegi 4.

7. **1912245 - Sveinskotsvör 5 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Eyrúnu Sigurjónsdóttur, kt. 090568-2999, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Sveinskotsvör 5.
8. **2001058 - Bréf Landskerfa bókasafna varðandi breytingar á gjaldskrá á árinu 2020.**
Lagt fram.
9. **1702065 - Ákvörðun Hæstaréttar varðandi leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar í máli Garðabæjar gegn íslenska ríkinu, dags. 09.01.20.**
Lögð fram ákvörðun Hæstaréttar Íslands þar sem fram kemur að umsókn Garðabæjar um áfrýjunarleyfi er tekin til greina.
10. **2001122 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á þorrablóti Stjórnunnar.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
11. **2001164 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi málefni skíðasvæðanna, dags. 10.01.20.**
Í bréfinu koma fram upplýsingar um að Veitur ohf. hafa afturkallað kæru vegna matsskyldu framkvæmda á skíðasvæðunum.

Lagður fram og kynntur viðauki við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.
12. **2001163 - Tilkynning frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi málefni Sundabrautar, dags. 10.01.20.**
Lögð fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 14. janúar 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

13. fundur 2020

Miðvikudaginn 18. desember 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi og Hildigunnur Arnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1306446 - Barnaverndarmál - fóstur

Tekið er fyrir mál nr. 1306446, fósturmál. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1911388 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1911388 umsókn um fjárhagsaðstoð, beiðni um námsstyrk. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 1911375 - Stefna Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar.

Tekið fyrir mál nr. 1911375 stefna Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar. Stofnunin tók til starfa í maí 2018 og hefur stefnan hefur verið í mótun frá hausti 2018. Í stefnunni koma fram gildi stofnunarinnar, hlutverk, sýn og verkefni. Lagt fram og rætt.

4. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Tekið er fyrir mál nr. 1911304 bréf starfshóps um stafræna framþróun þjónustu hjá Garðabæ þar sem kallað er eftir hugmyndum, ábendingum, sjónarmiðum og þörfum ólíkra sviða. Fjölskylduráð Garðabæjar fagnar skipun starfshóps um stafræna þróun innan Garðabæjar. Málið verður tekið upp aftur á næsta fundi fjölskylduráðs.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fjölskylduráð Garðabæjar
14. fundur 2020

Föstudaginn 20. desember 2019 kl. 11:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Kristín Einarsdóttir varamaður, Kristinn Guðlaugsson varamaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður, Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1410124 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir mál nr. 1410124 barnaverndarmál. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

15. fundur 2020

Mánudaginn 16. desember 2019 kl. 16:30 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþrótttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþrótttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Lagt fram til kynningar.

2. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag

Lagt fram til kynningar.

3. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

Lagt fram til kynningar.

4. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.

ÍTG fagnar fram komnum deiliskipulagstillögum um íþróttasvæði í Vetrarmýri og leggur áherslu á að nægjanlegt rými verði fyrir framtíðar íþróttasvæði á svæðinu.

5. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

ÍTG fagnar áformum um framtíðarstaðsetningu golfvallar GÁ í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

6. 1912174 - Arna Sólrún Heimisdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- til Örnú Sólrúnar Heimisdóttur kt. 1401022020 V/BLÍ U19 NEVZA mót U19 í Finnlandi, 25-27. október 2019

7. 1912175 - Arna Sólrún Heimisdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- til Örnú Sólrúnar Heimisdóttur kt. 1401022020 V/BLÍ U19 NEVZA mót U19 í Danmörku, 14-17. október 2019.

8. 1911259 - Íþróttahátíð Garðabæjar vegna 2019

Umsagnir um fjóra karla og fjórar konur voru lagðar fram til kjörs um íþróttakarl og íþróttakonu Garðabæjar 2019. Almennungi er boðið að taka þátt í að kjósa á vef Garðabæjar yfir hátíðirnar. Kynning fer í Garðapóstinn og á vefsíðu bæjarins. Þeir karlar sem í kjöri verða eru: Aron Snær Júlíusson golfari GKG, Árni Rúnar Baldursson lyftingamaður Stjörnunni, Hilmar Snær Örvarsson skíðamaður íþróttum fatlaðra og Ægir Þór Steinarsson körfuboltamaður Stjörnunni. Þær konur sem verða í kjöri til íþróttakonu Garðabæjar eru Birna Aradóttir lyftingakona

Stjörnunni, Hulda Clara Gestsdóttir golfari GKG, Kolbrún Þöll Þorradóttir fimleikakona
Stjörnunni og Þórhildur Gunnarsdóttir handknattleikskona Stjörnunni.

9. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

ÍTG fagnar skipun starfshóps um stafræna þróun innan Garðabæjar enda þróun í þá átt búin að vera í gangi varðandi hvatapeninga, aðgangsstýringar í sundlaugar ofl.

10. 1811205 - Forvarnarmál í Garðabæ

ÍTG samþykkir að greiða alls 900.000,- í styrki til grunnskóla bæjarins til að efla fræðslu til foreldra, kennara og nemenda í samræmi við forvarnarstefnu skólanna.
Samþykkt að halda opinn fræðslufund þann 21. janúar nk. um forvarnarmál tengd vímuefnum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
19. fundur 2020

Miðvikudaginn 18. desember 2019 kl. 16:30 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Skipulagsstjóri kynnir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta Vífilsstaðarlands.
Umhverfisnefnd leggur til að gróðurgreining fari fram í smalaholtinu áður en svæðið verði deiliskipulagt.

2. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

Skipulagsstjóri kynnir deiliskipulagstillögu kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

3. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.

Skipulagsstjóri kynnir tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar.

4. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag

Skipulagsstjóri kynnir tillögu að deiliskipulagi Hnoðrahólts norður.

5. 1911366 - Ársfundur náttúruverndarnefnda 2019

Linda Björk Jóhannsdóttir kynnir skýrslu Garðabæjar - náttúruverndarnefnda.

6. 1810071 - Hljóðvist

Samþykkt.

7. 1911365 - Verkefnis- og matslýsing Kerfisáætlunar 2020-2029

Lagt fram.

8. 1911396 - Loftlagsstefna Garðabæjar

Loftlagsmál eru mikilvægur þáttur í umhverfismálum Garðabæjar enda er það eitt af áherslumálum ríkisstjórnarinnar. Umhverfisnefnd vísar vinnu við gerð loftlagsstefnu Garðabæjar til umhverfis- og tæknisviðs og að gerð verði aðgerðaráætlun um samdrátt í losun. Markmiðið með stefnunni er að Garðabær verði kolefnishlutlaus árið 2040.

9. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð 1. fundur 2020

Miðvikudaginn 8. janúar 2020 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í Ísafold, Strikinu 3.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Ástbjörn Egilsson aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir aðalmaður og Margrét Björnsdóttir aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir Fostöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1910178 - Beiðni um umsögn notendaráðs eldri borgarara/öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar Stefaníu Ólafar Hafsteinsdóttur

Gæða- og eftirlitsstofnun (GEF) hefur óskað eftir umsögn öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar vegna reksturs félagsþjónustu skv. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Öldungaráð gerir ekki athugasæmd við að viðkomandi starfsleyfi verði veitt.

2. 2001064 - Beiðni um umsögn öldungaráðs v/starfsleyfisumsóknar Jóhönnu Þorgilsdóttur

Gæða- og eftirlitsstofnun (GEF) hefur óskað eftir umsögn öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar vegna reksturs félagsþjónustu skv. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Öldungaráð gerir ekki athugasæmd við að viðkomandi starfsleyfi verði veitt.

3. 2001062 - Beiðni um umsögn öldungaráðs v/starfsleyfisumsóknar Helgu Öguthu Einarsdóttir

Gæða- og eftirlitsstofnun (GEF) hefur óskað eftir umsögn öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar vegna reksturs félagsþjónustu skv. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Öldungaráð gerir ekki athugasæmd við að viðkomandi starfsleyfi verði veitt.

4. 2001061 - Beiðni um umsögn öldungaráðs v/starfsleyfisumsóknar Þóru Björk Hlöðverðóttur

Gæða- og eftirlitsstofnun (GEF) hefur óskað eftir umsögn öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar vegna reksturs félagsþjónustu skv. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Öldungaráð gerir ekki athugasæmd við að viðkomandi starfsleyfi verði veitt.

5. 2001063 - Beiðni um umsögn öldungaráðs v/starfsleyfisumsóknar Brynhildar Kr. Aðalsteinsdóttur

Gæða- og eftirlitsstofnun (GEF) hefur óskað eftir umsögn öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar vegna reksturs félagsþjónustu skv. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

sveitarfélaga.

Öldungaráð gerir ekki athugasæmd við að viðkomandi starfsleyfi verði veitt.

6. 2001059 - Beiðni um umsögn öldungaráðs v/starfsleyfisumsóknar S16- Hrefna Ingibjörg Jónsdóttir

Gæða- og eftirlitsstofnun (GEF) hefur óskað eftir umsögn öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar vegna reksturs félagsþjónustu skv. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Öldungaráð gerir ekki athugasæmd við að viðkomandi starfsleyfi verði veitt.

7. 2001060 - Beiðni um umsögn öldungaráðs v/starfsleyfisumsóknar Huldu Fjólu Hilmarsdóttur

Gæða- og eftirlitsstofnun (GEF) hefur óskað eftir umsögn öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar vegna reksturs félagsþjónustu skv. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Öldungaráð gerir ekki athugasæmd við að viðkomandi starfsleyfi verði veitt.

8. 1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun

Lagt var til á síðasta fundi öldungaráðs að vinna nýja aðgerðaráætlun fyrir þau 5 stefnumál sem sett hafa verið í forgang. Hópurinn kom saman 18.12. og setti saman nýja áætlun fyrir árið 2020.

Aðgerðaráætlun lögð fram, rædd og samþykkt og forstöðumanni stuðningsþjónustu falið að fylgja henni eftir.

9. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Tillaga um skipun starfshóps sem vinnur að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ kynnt á fundinum. Öldungaráð fagnar tillögunni. Verkefni starfshópsins tengjast að hluta til aðgerðaráætlun í málefnum eldri borgara. Málið verður tekið fyrir aftur á næsta fundi.

10. 1907114 - Reglur um akstursþjónustu aldraðra í Garðabæ

Mál nr. 1907114 drög að reglum um akstursþjónustu eldri borgara lagt fram til kynningar.

Öldungaráð tekur jákvætt í reglurnar og gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi drög.

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, og Hrönn Ljótisdóttir, framkvæmdastjóri Ísafoldar, komu á fund öldungaráðs og kynntu starfsemi Hrafnistu og Ísafoldar. Öldungaráð þakkar þeim góða kynningu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands
03. fundur 2020

Þriðjudaginn 27. ágúst 2019 kl. 17:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

2. 1903001HO - Aðsóknartölur 2019

Farið yfir aðsóknartölur og hugleiðingar varðandi aðgangseyri.

3. 1908001HO - Hönnunarskóli Hönnunarsafns Íslands

Hönnunarskóli Hönnunarsafns Íslands í samstarfi við Klifið hefst í vetur. Verkefnið kynnt fyrir stjórn.

4. 1908002HO - Sveinn Kjarval

Sýning um Svein Kjarval húsgagna- og innanhússarkitekt sem opnar í nóvember 2019 kynnt fyrir stjórn. Sýningarstjóri hefur verið valin Arndís "Arnadóttir og sýningarhönnuður Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir.

5. 1908003HO - Íslensk Myndmálssaga Safnið á Röngunni Sérsýningar

Íslensk Myndmálssaga, rannsóknarverkefni, skráning og sýning kynnt. Verkefnið hefst í desember 2019 og lýkur haustið 2020. Rannsakandi er Guðmundur Oddur Magnússon og sýningar/verkefnis- stjóri er Unnar Örn.

6. 1908004HO - Viðburðir 2019

Farið yfir viðburði safnsins fram að áramótum. Fyrirlestrar, fjölskyldusmiðjur, innflutningsboð, smástundamarkaðir, leiðsagnir og pólskt götubitað eru meðal þess helsta sem verður í boði.

7. 1810001HO - Stefnumótun stjórnar Hönnunarsafns Íslands 2019 - 2023

Því miður gafst ekki tími á fundinum til þess að fara yfir þennan lið.

1. 1905001HO - Rekstur 2019

Farið yfir rekstrarreikning safnsins og síðasta fundargerð samþykkt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.



Fundargerð

90. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 29. nóvember 2019 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Garðabær:

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Þorleifur Örn Gunnarsson

Kjósarhreppur:

Maríanna Huguína Helgadóttir

Sigurður Guðmundsson boðaði forföll. Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir setti fund og stýrði.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Breytingar á vaxtarmörkum á Álfsnesi /málsnr. 1712001

Innkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040.

Hrafnhildur Brynjólfsson skipulagsráðgjafi frá Alta greindi frá stöðu mála og fór yfir drög að viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar við athugasemdum. Þann 11. október rann út frestur til að gera athugasemdir við breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, aðalskipulagi Reykjavíkur 2030, nýtt deiliskipulag fyrir Álfsnesvík ásamt frummatsskýrslu vegna nýrrar staðsetningar Björgunar á Álfsnesi. Allar þessar áætlanir voru kynntar sameiginlega og beinast því umsagnir og athugasemdir misjafnlega mikið að þeim þáttum sem varða svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Alls bárust 16 umsagnir og þar var 7 þeirra beint að svæðisskipulagstillögunum sérstaklega.

Bætt hefur verið fyllri umsögn í umhverfisskýrslu um áhrif á hljóðvist, umfjöllun um þætti sem geta haft áhrif á fok sem og umfjöllun um útivistarsvæði. Þá hefur verið leiðrétt misritun um stækkunarmöguleika lóðar Björgunar í Álfsnesvík. Að öðru leyti kalla umsagnir ekki á breytingu á skipulagstillögum eða umhverfisskýrslu vegna svæðisskipulagsins

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að senda tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, umhverfisskýrslu ásamt umsögn við innkomnum athugasemdum til lokaafgreiðslu aðildarsveitarfélaga í samræmi við 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá við afgreiðslu málsins og leggur fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vill árétta varðandi beiðni um breytt vaxtamörk á Álfsnesi, til að koma þar fyrir iðnaðarsvæði á og innan um minjar, að Minjastofnun hefur gert alvarlegar athugasemdir við áformin öll. Í umhverfisskýrslu varðandi Álfsnesvík, sem er unnin í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, má sjá á bls. 29 í þeirri skýrslu nánar um minjar sem eru í hættu. Í umsögn Minjastofnunar, vegna auglýstra skipulagstillagna í tengslum við breytingu vaxtamarka á Álfsnesi, segir m.a. svo vitnað sé í fylgiskjöli, sem liggja fyrir á fundinum þessum: „Staðsetning í Álfsnesvík muni hafa eyðileggjandi og óafturkræf áhrif "á þá minjaheildina sem bæjarstæði Glóru, minjar um kaupstað við Þerneyjarsund og bæjarstæði Sundakots mynda á Álfsnesi vestanverðu".

Ekki er skynsamlegt að halda málinu áfram í sama farvegi á meðan Minjastofnun telur hættu á eyðileggingu mikilvægra sögulegra minja á svæðinu. Að auki má benda á að skýrslur, sbr. frá Fiskistofu, liggja ekki fyrir varðandi áhrif á vinnslu á svæðinu og í hafi. Nú þegar, m.a. í ljósi pólitískra áforma Reykjavíkurborgar og stjórnvalda um að tefja frekar uppbyggingu Sundabrautar, liggur fyrir að vinnsla á þessu svæði mun væntanlega auka umferð vegna þungaflutninga um Mosfellsbæ sem nú þegar eru umtalsverð. Ekki er séð að pólitísk áform um Borgarlínu muni koma til þess að minnka þungaflutninga um Mosfellsbæ, ásamt tilheyrandi mengun og umhverfisáhrifum fyrir það samfélag, verði þessi áform á Álfsnesi að veruleika.“

Aðrir fundarmenn lögðu fram eftirfarandi bókun.

„Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa verið samstíga í sinni vinnu og eftirfylgni við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og leitt að sjá þá breiðu samstöðu breytast. Sveitarfélögin eru samstíga um hvert skulu stefna í lífsgæðum fyrir íbúa þessa svæðis. Rétt er að taka fram að í þessu máli hefur verið komið til móts við athugasemdir Minjastofnunar eins og kostur er. Í umhverfisskýrslu Álfsnesvíkur kemur fram að "umferð eykst lítillega en gert er ráð fyrir að umferð stærri bíla sé að jafnaði 100 ferðir á hverjum virkum degi frá svæðinu, ef efnisflutningar eru með vörubílum." Samkvæmt tölfraðigögnum Vegagerðarinnar úr lykilteljrum við hringveg Íslands kemur fram að áætluð dags umferð við Úlfarsfell á tímabilinu janúar-júní 2019 eru á bilinu 28 - 36.000. Frá því að Björgun hætti starfsemi við Sævarhöfða hefur efni verið sótt á Vesturland og fara því þeir efnisflutningar nú þegar í gegnum Mosfellsbæ. Sú umferð sem bætist við vegna starfsemi Björgunar við Álfsnes er því hverfandi. Viðkomandi starfsemi er mikilvæg fyrir uppbyggingu og fjölbreytt mannlíf á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægt að henni verði fundinn staður innan þess.“

Ragnhildur Jónsdóttir fór af fundi eftir afgreiðslu máls en áður en bókanir voru lagðar fram. Marianna Hugrún Helgadóttir kom til fundar að þessum lið loknum.

2. Breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja /málsnr. 1908011

Auglýst tillaga til umsagnar sbr. 24. gr. skipulagslaga

Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja hefur auglýst tillögur að breytingum á svæðisskipulagi Suðurnesja er varða vatnsverndarsvæði í Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Vogum og flugbrautarkerfi Keflavíkurflugvallar.

Líkt og kemur fram í greinargerð vatnsverndar sem fylgir svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins þá gætir raunáhrifa vatnsbóla oft á tíðum útfyrir lögsögumörk sveitarfélaga. Á uppdrætti vatnsverndar svæðisskipulags Suðurnesja liggur grannsvæði alveg að sveitarfélagamörkun Hafnarfjarðar í Hvassahrauni. Það má því ætla að áhrifasvæði vatnsverndar kunni að ná útfyrir skilgreind vatnsverndarmörk og gætu því haft áhrif á framtíðar landnotkun innan Hafnarfjarðar. Nauðsynlegt er að það liggi fyrir hvort áhrifasvæði vatnsverndar nái lengra en uppdrátturinn sýnir með nýju vatnsbóli Voga. Án þessara upplýsinga er illmögulegt að veita umsögn um breytingartillöguna.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd kallar eftir að nánari upplýsingar liggi fyrir um hvort áhrif breytinga á

vatnsverndarsvæðum við Voga nái inn fyrir mörk höfuðborgarsvæðisins.

3. Aðalskipulag Reykjavíkur: Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð /málsnr. 1805002
Auglýst tillaga til umsagnar sbr. 31. gr. skipulagslaga.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við tillöguna enda er hún í góðu samræmi við stefnu svæðisskipulagsins Höfuðborgarsvæðisins 2040 um aukna uppbyggingu á samgöngumiðuðum svæðum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30



Stjórn SSH 480. fundur

Mánudaginn 6. janúar 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Pálmi Þór Músson í fjarveru Ármanns Kr Ólafssonar.

Gestir fundarins:

Héðinn Unnsteinsson og Snædis Helgadóttir frá Capacent ráðgjöf – fundarliður 1.
Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðsvæðananna – fundarliður 2.

1. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Framhald umræðu um drög að Sóknaráætlun 2020-2024 frá síðasta fundi stjórnar 2. desember 2019. Farið er yfir drögin af framkvæmdastjóra ásamt ráðgjöfum frá Capacent, Héðni Unnsteinsyni og Snædisi Helgadóttur.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Ábendingum, hugmyndum og athugasemdum komið á framfæri sem tekið verður tillit til við endanlega útgáfu áætlunarinnar. Stjórn samþykkir að drög að sóknaráætlun með áorðnum breytingum fari til umsagnar í samráðsgátt stjórnarráðsins og endanlega drög verði síðan lögð fyrir stjórn til endanlegrar afgreiðslu á fundi stjórnar í byrjun febrúar.

2. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Tekin er til umræðu staða og næstu skref er varðar framkvæmdir á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- Minnisblað framkvæmdastjóra fyrir hönd verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðum.
- Tillaga að viðauka við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Á fundi stjórnar SSH 4. nóvember 2019 var framkvæmdastjóra falið að vinna að viðauka við samning sveitarfélaganna er varðar uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.
- Viðauki við erindissbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
- Önnur gögn er málið varðar.

Skv. minnisblaði framkvæmdastjóra er staðan á verkefni sú að Veitur hafa afturkallað kærú sína vegna matsskyldu framkvæmda á skíðasvæðunum með bréfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindmála frá 9. desember 2019. Ástæða afturköllunar byggist á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sem Veitur hafa talið nauðsynlegar til að minnka hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Í því efni er m.a. fjallað um mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar og ákvörðun veitna sveitarfélaganna að setja upp sírita í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins og borun á fjórum nýjum rannsóknarholum í því skyni að styrkja grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdanna á skíðasvæðinu verður tekið fyrir til umræðu og afgreiðslu hjá Kópavogsbæ þann 6. janúar. Athugasemda- og kærufrestur er til 17. febrúar 2020. Að því gefnu að framkvæmdaleyfi verði gefið út um miðjan febrúar 2020 er ekkert því til fyrirstöðu að bjóða út fyrsta



áfanga framkvæmdanna. Á þeim tímapunkti verða útboðsgögn endanlega tilbúin og útboð getur farið fram.

Að framgangi verkefnisins hefur verkefnahópur starfað á undanförunum misserum. Lagt er til að verkefnahópurinn starfi áfram og sinni fyrst og fremst samræmingar og eftirlitshlutverki með framkvæmdinni. Ráðinn verði verkefnastjóri framkvæmdanna til að halda utan um stjórn og eftirlit með verkefninu (sjá viðauka erindisbréf).

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að vísa fyrirbyggjandi drögum að viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018 til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að viðauka við erindisbréf verkefnahóps vegna uppbygginga og reksturs skíðasvæðanna frá 5. mars 2018 og að fulltrúa samstarfsnefndar skíðasvæðanna verði boðin sæti í verkefnihópnum.

3. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 /málsnr. 1910012

Áframhaldandi umræða um erindi Vegagerðarinnar til sveitarfélaganna er varðar skilavegi – yfirfærsla vega til sveitarfélaga samkvæmt vegalögum nr.80/2007. Málið var áður á dagskrá 4. nóvember og 2. desember 2019.

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- a) Minnisblað viðræðunefndar SSH um stöðu málsins sem stjórn óskaði eftir á fundi stjórnar 2. desember 2019.
- b) Drög að viljayfirlýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Vegagerðarinnar, SSH og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Alþingi hefur nú samþykkt breytingu á vegalögnum, nr. 80/2007 með síðari breytingum, um að framlengja viðræðum við sveitarfélögin um yfirfærslu skilavega þannig að yfirfærslunni verði lokið fyrir 1. janúar 2021.

Þá verður unnið sameiginlega að gerð viljayfirlýsingar aðila um málið sem nú er í vinnslu og liggur fyrir í drögum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn felur formanni stjórnar og framkvæmdastjóra að vinna að og afgreiða endanlega viljayfirlýsingu fyrir hönd SSH.

4. Tilnefning í Vinnumarkaðsráð Höfuðborgarsvæðisins – endurskipun 2019-2023. /málsnr. 1912003.

Framhald frá fundi stjórnar 2. desember 2020. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu frá 28. október þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í Vinnumarkaðsráð Höfuðborgarsvæðisins.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að skipa Lóu Birnu Birgisdóttur sem aðalmann og Auði Björgvinsdóttur sem varamann í Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins fyrir hönd SSH.



5. Stjórnarsýsla byggðasamlaga /málsnr. 1912001

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi stjórnar en þar var formanni og framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir stjórn samantekt yfir þá vinnu sem unnin hefur verið á undanförunum árum tengda stjórnarsýslu byggðasamlaganna og tillögur að uppsetningu og formi verkefnisins.

Í starfsáætlun 2020 er fjallað um verkefnið, „Stjórnarsýsla byggðasamlaga“ en þar segir: *Að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnarsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanaðkomandi ráðgjafi verði fengin til að vinna tillögugerð í samráði við sveitarfélögin er varðar framtíðar stjórnskipulag byggðasamlaganna. Þá verði farið yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessum vettvangi, endurskoðun á samþykktum og eigendastefnu byggðasamlaganna með skilvirkni og hagræði að leiðarljósi.*

Umræður.

Niðurstaða fundar.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að undirbúa tillögugerð og leggja fram tillögu að verk- og tímaáætlun á næsta fundi stjórnar.

6. Efling innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma /málsnr. 2001001

Bréf frá Hermann Sæmundssyni, skrifstofustjóra skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, er varðar skipan átakshóps fimm ráðuneyta sem hefur það hlutverk með höndum að koma með tillögu um eflingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma. Óskað er eftir greinargerð með ábendingum um umbótaverkni á ýmsum sviðum er varðar eflingu innviða og öryggi íbúa. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er gert ráð fyrir að greinargerðir Landshlutasamtakanna verði tilbúnar um miðjan janúar mánuð.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að vinna að greinargerðinni í samráði við aðila máls.

7. Sundabraut – viðræður ríkisins og SSH / málsnr 1908005.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skipuðu verkefnishóp í september 2018 til að fjalla um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033, stofnvegi og kerfi almenningssamgangna. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum og tillögum í skýrslu í nóvember 2018. Hópnum var einnig falið að fjalla sérstaklega um málefni Sundabrautar og gerð er grein fyrir þeirri vinnu í þessari skýrslu.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að vísa skýrslu um Sundabraut til aðildarsveitarfélaganna til umræðu.

8. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundur 416.

Fundargerð stjórnar Sorpu bs frá 6. desember 2019 lögð fram til kynningar.

9. Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga nr.876 og 877.

Fundargerðir Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 29. nóvember og 13. desember lagðar fram til kynningar.



10. Fundargerð SSNV – 50 fundur og fundargerð haustþings.

Fundargerðir SSNV frá 3. desember 2019 lögð fram til kynningar.

11. Umsagnir þingmála /málsnr. 1910005

- a) Samgönguáætlun 2020-2024 og 2020-2034.
- b) Bygging hátæknisörprenslostöðvar.
- c) Lyfjalög.
- d) Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (leyfisveitingar, málsmeðferð, endurupptaka o.fl.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lögðu fram umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og 2020-2034 þann 31. október 2019 er tillagan var lögð fram í samráðsgátt stjórnarráðsins. Nú hefur samgöngunáætlunin verið lögð fram á Alþingi.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að fylgja fyrri umsögn eftir við umsögn um þá samgönguáætlun sem lögð hefur verið fram við Alþingi.

Fundi slitið kl. 14:00



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

314. fundur

Föstudaginn 13. desember 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fengler (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fulltrúi Mosfellsbæjar, Ásgeir Sveinsson boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Skýrsla um leiðanet lögð fram og ákvörðun um næstu skref.
- 2) Starfsáætlun stjórnar 2020.
- 3) Útboð á vögnum.
- 4) Innri endurskoðun 2020.
- 5) Markaðsaðgerðir – HÍ og LSH.
- 6) Framlenging aksturssamninga.
- 7) Greiðslukerfið – nafnasamkeppni.
- 8) Útboðsferli – texti.
- 9) Önnur mál.
 - a) Erindi frá Fimleikasambandi Íslands vegna Eurogym 2020.
 - b) Tillaga frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík um öryggisbelt í alla strætisvagna.

Tekið fyrir:

1. Skýrsla um leiðanet lögð fram og ákvörðun um næstu skref.

Ragnheiður Einarsdóttir og Sólrún Svava Skúladóttir koma og kynntu skýrslu um nýtt leiðanet og tillögur að næstu skrefum. Stjórn þakkar framlagða skýrslu og vill lýsa ánægju sinni með þá vinnu sem unnin hefur verið og þakkar öllum hlutaðeigandi fyrir góða og faglega vinnu. Samþykkt að halda áfram með verkefnið og mun stjórn óska eftir að faghópur um leiðanet starfi áfram við að innleiða næstu skref.

2. Starfsáætlun stjórnar 2020

Fyrir fundinum lágu drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2020. Stjórn samþykkti starfsáætlun fyrir árið 2020.

3. Útboð á vögnum

Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að útboði á vögnum og leggja drög að útboðsgögnum fyrir stjórn þegar þau eru tilbúin. Fyrirhugað er að funda með Orkuveitunni um samstarf um orkuskipti í almenningssamgöngum með áherslu á innviði.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umsögn Strætó til Alþingis um frumvarpsdrög um breytingar á ýmsum lögum um skatta mál nr. 432, er varðar ívilnanir á kaupum á umhverfisvænum vögnum.



4. Innri endurskoðun

Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga frá viðauka við Deloitte um að sjá um innri endurskoðun félagsins á árinu 2020. Stefnt að því að bjóða út á næsta ári innri endurskoðunarþjónustu fyrir árin 2021 til 2023.

5. Markaðsaðgerðir HÍ og LSH

Markús Vilhjálmsson, sölustjóri fór yfir stöðuna á tilraunaverkefningu með LSH og hugmynd að sambærilegu verkefni með Háskóla Íslands. Stjórn samþykkir að vinna þetta áfram og að samningur verði borinn undir stjórn.

6. Framlenging á samingi

Strætó bauð út akstursamninga 2014 og tóku þeir gildi í ágúst 2016. Heimilt er að framlengja um 2 x 2 ár. Samþykkt að framlengja um 2 ár eða frá ágúst 2020 til ágúst 2022, enda uppfylltu akstursverktakar öll viðmið um framlengingu.

7. Greiðslukerfið

Stjórn samþykkir að fara í nafnasamkeppni á nýju greiðslukerfi. Í flestum löndum í kringum okkur bera kortin /kerfið ákveðið nafn, t.d. í London "Oyster card" í Kaupmannahöfn „Rejsekort“ í Hong Kong „Octopus“.

8. Útboðsferli

Stjórn samþykkir að framvegis í útboðslýsingu á vegum Strætó sé að finna texta sem tekur af öll tvímæli um að Strætó bs. muni grípa til ráðstafana til að tryggja, að viðsejendur byggðasamlagsins sinni skyldu sinni til að virða fjárhagsleg og félagsleg réttindi eigin starfsmanna, starfsmanna undirverktaka og starfsmannaleiga.

9. Önnur mál

a) Erindi frá Fimleikasambandi Íslands út af Eurogym 2020.

Samþykkt að óska eftir fundi til að fá nánari útskýringar á erindinu.

b) Tillaga frá fulltrúa sjálfstæðisflokksins í Reykjavík um öryggisbelt í alla strætísvagna.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl: Skýrsla um nýtt leiðanet.
Starfsáætlun stjórnar 2020
Umsögn um frumvarp um breytingar á ýmsum lögum um skatta.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, mánudaginn 16. desember var haldinn 379. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 09:08. Mættir: Diljá Ámundadóttir Reykjavík, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Sigrún Edda Jónsdóttir varamaður fyrir Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Björg Fenger Garðabæ. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreason fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram útkomuspá dags. 16. des. 2019.
2. Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni í fjöllumunum. Bláfjöllin opnuðu um helgina og allt gekk vel. Sala vetrarkorta hefur gengið vel og verða þau seld til áramóta.
3. Samþykkt að halda fundi 4. miðvikudag í mánuði kl. 08:45.
 - kl. 10:00 vék Sigrún Edda Jónsdóttir af fundi.

Fundi slitið kl. 10:20.

Diljá Ámundadóttir

Björg Fenger
Rúnar Bragi Guðlaugsson

Halla Karí Hjaltsted
Kristín María Thoroddsen

VIÐAUKI

við samkomulag um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sameiginlegir rekstraraðilar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, þ.e. sveitarfélögin Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Garðabær, samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Frá því að greint samkomulag var undirritað hafa orðið tilteknar breytingar á áætlunum er varðar m.a. tímasetningar og fjármögnun.

Framangreindir aðilar samþykkja eftirfarandi breytingar á samkomulagi um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

1. gr.

Tímasetningar framkvæmda

Breytingar á gr. 2.1. í samkomulagi:

Bláfjöll:

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Drottning“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2022-2023 í stað 2019-2020.

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Gosi“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2020-2021 í stað 2022-2023.

Áætluð tímasetning framkvæmda á stólalyftu í Eldborgargili breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2024-2025 í stað 2023-2024.

Framkvæmdir vegna nýrrar toglyftu úr Kerlingadal verður seinkað til ársins 2024.

Skálafell:

Notuð stólalyfta ásamt nauðsynlegri aðsköpun á endastöðvum. Áætluð tímasetning framkvæmda verður 2021-2022.

2. gr.

Snjóframleiðsla

Breytingar á gr. 2.2 í samkomulagi:

Í ákvæði um 2. áfanga snjóframleiðslu fellur út eftirfarandi texti „eða suðursvæði í Bláfjöllum“.

Í ákvæði 2.3. dettur út eftirfarandi texti „ auk þess sem annar áfangi snjóframleiðslu nýtist til að treysta snjólög á gönguleiðum og lengja tímabil fyrir gönguskiðafólk“.

3. gr.
Framkvæmdakostnaður

Breytingar á 3. gr. í samkomulagi:

Fylgiskal 1 með samkomulaginu er felld úr gildi og í stað þess kemur nýtt fylgiskal (fskj. 1) með uppfærðum framkvæmdakostnaði og dreifingu kostnaðar.

Áætlaður framkvæmdakostnaður er nú áætlaður 4.158 m.kr. Nánari sundurliðun vísast til nýs fylgiskjals 1 með viðauka þessum.

Sveitarfélögin munu í fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum gera ráð fyrir kostnaði við framkvæmdir í samræmi við uppfærðar tímasetningar framkvæmda, sbr. 1. gr. viðauka þessa og uppfærðrar kostnaðaráætlun sbr. nýtt fylgiskjal (fskj. 1) með viðauka þessum.

4. gr.
Umsjón og eftirlit og stjórnun

Breytingar á 4. gr. í samkomulagi:

3. mgr. 4. gr. samkomulags er felld úr gildi og í stað hennar kemur ný setning svohljóðandi:

„Dagleg verkefnastjórn verður í höndum verkefnastjóra, sem ráðinn verður til verkefnisins, í samráði við framkvæmdarstjóra skíðasvæðanna auk aðkeyptar þjónustu verkfræðistofa og sérstakra eftirlitsaðila sem þörf er á hverju sinni. Þá verður að störfum verkefnahópur sem mun sinna almennu samræmingarstarfi, eftirliti og eftirfylgni með uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins skv. fyrirbyggjandi framkvæmdaáætlun (fskj.1) og þeim áætlunum sem síðar verða samþykktar vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum.

Kópavogi, ____ janúar 2020

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar